Skatturinn
Ríkisskattstjóri

# Ökutækjastyrkur

Fylgiskjal með skattframtali 2024

## 1 Framteljandi

| Nafn | Kennitala |
|---|---|
| | |

| Heimili | Sveitarfélag |
|---|---|
| | |

## 2 Upplýsingar um launagreiðanda, fjárhæð ökutækjastyrks og akstur

| Launagreiðandi, nafn og kennitala | Fjárhæð | Akstur í þágu launagreiðanda skv. akstursdagbók eða akstursskýrslu |
|---|---|---|
| | kr. | km |
| | kr. | km |
| | kr. | km |
| | kr. | km |
| | Samtals **A** | Samtals **B** |

## 3 Útreikningur á frádrætti

**Til frádráttar í lið 2.6 á skattframtali færist sú fjárhæð sem lægri er í reitum A eða C**

| Akstur í þágu launagreiðanda, sbr. reit B | | Heimill frádráttur pr. km sbr. töflu á bakhlið | | **Útreiknaður frádráttur** **C** |
|---|---|---|---|---|
| km | x | kr./km | = | kr. |

Frádráttur verður þó aldrei lægri fjárhæð en hámarkið skv. akstusbilinu fyrir neðan. Sjá dæmi á bakhlið.

Undirritaður lýsir sig reiðubúinn til að leggja fram fullnægjandi akstursdagbækur eða akstursskýrslur og önnur gögn til ríkisskattstjóra.

| Dagsetning | Undirskrift |
|---|---|
| | |



Sjá skýringar á bakhlið

# Skýringar

Frá ökutækjastyrk, sem launþegi skal færa til tekna, heimilast til frádráttar tiltekinn kostnaður á hvern ekinn kílómetra í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur. Skilyrði fyrir frádrættinum er að fyrir liggi skriflegur afnotasamningur þar sem aksturserindum er skilmerkilega lýst og að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla, þ.m.t. á rafrænu formi, þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu. Einnig þarf að liggja fyrir hver heildarakstur bifreiðar er á hverju ári. Færa skal þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Til frádráttar heimilast fjárhæð sem tekur mið af heildarakstri í þágu launagreiðanda. Frádráttur er ákvarðaður miðað við hver heildarakstur hefur verið í þágu launagreiðanda og þá fjárhæð sem gildir á því akstursbili, sbr. töflu að neðan. Frádráttur verður þó aldrei lægri fjárhæð en hámarkið samkvæmt akstursbilinu fyrir neðan. Hafi akstur t.d. numið 1.010 km skal miða frádrátt við 129 kr. á hvern km, en þó aldrei lægri fjárhæð en 134.000 kr. (þ.e. 1.000 km margfaldað með 134 kr.). Eftirfarandi fjárhæðir heimilast til frádráttar á móti greiðslum frá launagreiðanda vegna aksturs í hans þágu miðað við hvern ekinn kílómetra:

| Akstur í þágu launagreiðanda | Frádráttur vegna **almenns** aksturs á hvern ekinn km | Frádráttur vegna **sérstaks** aksturs á hvern ekinn km | Frádráttur vegna **torfæruaksturs** á hvern ekinn km |
|---:|---:|---:|---:|
| **0-1.000 km** | **134 kr.** | 154 kr. | 194 kr. |
| **1.001-2.000 km** | **129 kr.** | 148 kr. | 187 kr. |
| **2.001-3.000 km** | **124 kr.** | 143 kr. | 180 kr. |
| **3.001-4.000 km** | **120 kr.** | 138 kr. | 174 kr. |
| **4.001-5.000 km** | **116 kr.** | 133 kr. | 168 kr. |
| **5.001-6.000 km** | **112 kr.** | 129 kr. | 162 kr. |
| **6.001-7.000 km** | **108 kr.** | 124 kr. | 157 kr. |
| **7.001-8.000 km** | **104 kr.** | 120 kr. | 151 kr. |
| **8.001-9.000 km** | **100 kr.** | 115 kr. | 145 kr. |
| **9.001-10.000 km** | **96 kr.** | 110 kr. | 139 kr. |
| **10.001-11.000 km** | **91 kr.** | 105 kr. | 132 kr. |
| **11.001-12.000 km** | **88 kr.** | 101 kr. | 128 kr. |
| **12.001-13.000 km** | **85 kr.** | 98 kr. | 123 kr. |
| **13.001-14.000 km** | **82 kr.** | 94 kr. | 119 kr. |
| **14.001-15.000 km** | **79 kr.** | 91 kr. | 115 kr. |
| **15.001 og meira** | **76 kr.** | 87 kr. | 110 kr. |

Akstur launamanns á milli heimilis hans og venjulegs vinnustaðar telst ekki í þágu launagreiðanda. Aki launamaður hins vegar beint frá heimili sínu til annars vinnustaðar en hins venjulega að beiðni launagreiðanda getur verið heimilt að færa frádrátt á móti greiðslum fyrir slík afnot ökutækis, enda séu þau afnot af ökutæki launamanns beinlínis tengd starfi hans en ekki fólgin í því einu að komast á vinnustað.

**Sérstakt gjald** er eingöngu fyrir akstur á vegum þar sem ekki er bundið slitlag og **torfærugjald** fyrir akstur utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólksbifreiðum. Gera þarf fullnægjandi grein fyrir því að forsendur séu fyrir greiðslu sérstaks gjalds eða torfærugjalds.